


Afstöðumynd 1:500




Skurður A-A 1:100

Samþykkt þann
12 DEC 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson

**Byggingarlýsing fyrir einbýlishús að Hlíðarási 35, Hafnarfirði.**
**Staðgreinir : 38500350**

Húsið er einbýlishús úr forsteyptum einingum á tveimur hæðum. Á neðri hæð eru 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, sjónvarpsrými og bílgeymsla. Á efri hæð eru eldhús, borðstofa, stofa og herbergi. Á lóð er gert ráð fyrir 3 bílastæðum og skýli fyrir sorpílát.

Sökklar og botnplata eru staðsteypt með járnbentri steinsteypu og einangrað með 75 mm plasteinangrun.

Útveggir eru úr forsteyptum samlokueiningum. Forsteyptar samlokueiningar eru þannig gerðar að innst er 13 cm þykkur burðarveggur úr steynsteypu, síðan 10 cm þykk einangrun og yst er 7 cm þykk veðurkápa úr steinsteypu. Burðarveggur og veðurkápa eru járnbent. Rafmagnsrör og dósir eru innsteyptar í einingarnar.
Að innan eru einingarnar sandspartlaðar þegar þær hafa verið steyptar saman og samsteypur pússaðar. Útveggirnir eru síðan klæddir til skiptis með dökkri og ljósri steiningu.

Innveggir eru úr forsteyptum einingum. Burðarveggir verða 15 sm þykkir og léttari veggir 12 sm. Samsetningar eru með sama hætti og í útveggjum.

Þaksperrur eru úr 50 x 225 mm timbri. Ofan á þaksperrur er fest 12mm krossviðsklæðning sem er klætt með þakpappa og bárujárni. Þakið er einangrað með 200mm þakull. Undir þakullinni er 02.mm þolplast sem rakavarnarlag, lagnagrind og 13mm gifsklæðning.

Milligólf eru úr filigran loftaplötum eða sambærilegu. Plöturnar eru 6 sm að þykkt þar sem þær spanna minna en 6 m og þykkari ef þörf er á. Ofan á er síðan sett ásteypa eftir að einingunum hefur verið komið fyrir í húsinu. Að neðan er 50x50 mm lagnagrind og klædd með 2x13 mm gifsklæðningu.

Gluggar og svalahurðir eru úr áli og timbri og glerjaðir með tvöföldu K gleri. Hita- og hljóðeinangrandi Argon gas á milli glerja.

Svalir hvíla á þaki hluta 1. hæðar og þar ofan á er þakdúkur með vatnshalla og ofan á honum er trépallur.

Björgunarop eru úr svefnherbergjum. Allar klæðningar eru úr flokki 1. Samfara eðlilegu viðhaldi og breytingum á húsinu skal uppfæra brunakröfur samkvæmt byggingarreglugerð og þessum teikningum. Í húsinu verða samtengdir reykskynjarar.

**Stærðartölur húss:**

| | $m^2$ | $m^3$ |
|---|---|---|
| **Stærð** | 244,0 | 703,2 |
| **Stærð lóðar** | 681 | |
| **Nýtingarhlutfall** | 0,35 | |

**Kólnunartölur:**

| | |
|---|---|
| Hámarksgildi | $W/m^{2\circ}C$ |
| Útveggir | 0,32 |
| Þak | 0,19 |
| Meðaltal glugga og glers | 1,90 |
| Vegið meðaltal útveggja | 0,80 |

| Hlíðarás 35, Hafnarfirði | A2 blað 1 af 5 |
|---|---|

Einbýlishús
Aðalteikningar
Afstöðumynd, skurður og byggingarlýsing

| Breytt: | Dags: | Lýsing: |
|---|---|---|
| 01 | 18.10.07 | Ný tegund af klæðningu og gluggastærðir lagfærðar |

Hannað: ÓP | Teiknað: ÓP | Dagsett: 27.03.2007 | MKV: 1:100 / 1:500

Páll V. Bjarnason 060346-2249
Ólöf Pálsdóttir 160174-3589

P ARK

PÁLL V. BJARNASON ARKITEKT FAÍ
ÓLÖF PÁLSDÓTTIR ARKITEKT
HÖNNUN - RÁÐGJÖF - ENDURBYGGINGAR

HAFNARSTRÆTI 19
101 REYKJAVÍK
KT. 431005-0690
SÍMI: 5789880, 8219880

www.p-ark.is
p-ark@p-ark.is